

Brjef landshöfðingja til verzlunarstjóra P. Nielsen um styrk til gufubátsferða — Með þóknanlegu brjefi, dags. 27. f. m. hafð þjer, herra verzlunarstjóri, tjáð mjer, að sýslunefndin í Árnassýslu hafi veitt Lofoliisverzlun 200 kr. styrk af sýslusjóði til þess að láta gufubátinn »Odd« ganga milli Reykjavíkur, Eyrarbakka og Loptsstaða 5 ferðir í sumar, og koma við á 12 stöðum, með því móti, að til þess yrði veittur 600 kr. styrkur úr landssjóði, og hafð þjer jafnframt sótt um, að yður verði fyrir verzlunarinnar hönd veittur tjeður 600 kr. styrkur til nefnds fyrirtækis af tje því, sem í 12. gr. C. 6. f. í fjárlögunum fyrir 1892 og 1893 er ætlað til gufubátsferða með suðurströnd landsins. Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að með því að fjárveitingin í nefndum staflíð, 12. gr. C. 6. f., er bundin við gufubátsferðir með suðausturströndinni austur að Vík í Mýrdal og til Vestmannaeyja, þá er ekki heimild til að veita af þeirri upphæð neitt til slíks fyrirtækis sem þess, er þjer hafð stungið upp á, þar sem nokkuð af leiðinni er innan Faxaflóa — en til ferða þar er sjerstök upphæð veitt og verður notuð — og á hinn bóginn vantar ferðir frá Loptstöðum til Víkur og Vestmannaeyja. Eins og málefnið liggur fyrir getur hinn umbedni styrkur því ekki orðið veittur; en ef sýslunefndirnar í Árnass- Rangárvalla- Vestmannaeyja- og Skaptafellssýslum vilja veita einhverjar upphæðir til þess að framkvæma ferðir á þann hátt og yfirgripandi það svæði, sem gjört er ráð fyrir í ofan nefndum fjárlagalið f. í 12. gr. C. 6., þá mun geta fengizt úr landssjóði þreföld upphæð á við styrkveitingar sýslnanna, allt að 3000 krónum.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um afgreiðslugjald skipa o. fl. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 27. marz þ. á., hafð þjer, herra amtmaður, sent mjer erindi sýslumannsins í Skaptafellssýslu, dags. 7. s. m., þar sem hann spyrst fyrir um:

1. Hvort skip sjeu undanþegin afgreiðslugjaldi, þegar þau ferma eða afferma vörur, er þau flytja frá einu kaupþúni til annars, lögsagnarumdæma milli innanlands.
2. Hvort honum sje ekki heimilt, þegar tollskyldar vörur flytjast til verzlunar í lögsagnarumdæmi hans frá öðrum verzlunarstað hjer á landi, að heimta af hlutaðeigandi verzlunarstjóra skilríki fyrir því, að tollurinn sje greiddur að fullu, og beita að öðrum kosti fyrirmælum tolllaganna.
3. Hvort eigi beri að greiða útflutningsgjald eptir lögum 4. nóv. 1881 þar í sýslu af gjaldskyldum vörum, er þaðan eru fluttar, jafnvel þótt þær eigi að flytjast í land á öðru kaupþúni innanlands, ef hlutaðeigandi útflytjandi treystir sjer eigi til að votta, að varan sje eigi ætluð til útflutnings.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, það er hjer greinir:

47 *Um 1.* Í landshöfðingjabrjefi 31. jan. 1880, (Stjt. 1880 B, nr. 27. bls 3. maí 21) eru rök leidd að því, að hin gildandi ákvæði um afgreiðslugjald kaupskipa 8. gr. í lögum 15. apríl 1854, taki að eins til skipa, er koma frá útlöndum og sem afferma vörur, er þau hafa flutt þaðan, eða ferma sig vörum, er þau ætla að flytja til útlanda, og að því beri að eins að greiða afgreiðslugjald einu sinni í hverju umdæmi, þegar skip affermi vörur, er frá útlöndum koma, eða fermi sig vörum til að flytja milli Íslands og útlanda, jafnvel þótt skipið komi optar en einu sinni á sömu höfn eða fleiri hafnir í sama lögsagnarumdæminu. Samkvæmt þessu ber að greiða jákvæði við hinni fyrstu fyrirspurn.

Um 2. Jeg er yður samdóma um, að farmskip megi yfirhöfuð ekki fara úr einu lögsagnarumdæmi í annað án þess að hafa með sjer til sýningar nauðsynleg skipaskjöl svo sem þjóðernisskirteini og mælingarbrjef, skipshafnarskrá og vöruskrá, ef það hefur innanborðs nokkrar útlendar vörur til affermingar. Skipstjórar farmskipa er flytja útlendar vörur frá einu kaптúni til annars innlands, verða með vöruskrá að sanna, hvaðan vörurnar eru. Að því er tollskyldar vörur snertir sjest það á skipaskjölunum, hvort tollur á að hafa verið greiddur af þeim. Sje því haldið fram, að tollur sje þegar greiddur af tollskyldri vöru, er eptir skipaskjölunum gæti verið ótolluð, ber að sýna lögreglustjóra skilríki fyrir greiðslunni, eins og skipstjóra einnig ber að færa fullar sönnur á, að hann hafi greitt lögboðin afgreiðslugjöld á höfn þeirri eða höfn um þeim, er hann hefur komið við á í sömu ferðinni, milli þess er hann fer til útlanda.

Um 3. Samkvæmt 2. og 3. gr. í lögum nr. 16. 4. nóv. 1881 sbr. lhbr. 17. júlí 1882 og lhbr. 1. sept. 1886 er það rjett, að útflutningsgjald sje innheimt í Skaptafellssýslu af þeim gjaldskyldum vörum, sem þaðan eru fluttar, ef varan er ætluð til útflutnings, þótt svo kunni að vera, að hún um stundarsakir verði lögð á land í öðru innlendu kaптúni.

48 *Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu, um*
26. maí **sveitfesti þurfalings.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 5. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer erindi hreppsnefndarinnar í Glæsibæjarhreppi, dags. 23. marz þ. á., þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði amtsins dags. 31. ágúst f. á., sem kveður svo á, að Sigurgeir nokkur Ólafsson skuli álitast sveitlægur í Glæsibæjarhreppi.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg er samþykkur ástæðum þeim, sem úrskurður amtsins er á byggður, og skal hann því óraskaður standa.¹

1) Úrskurður amtmannsins er svo hljóðandi:

Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu hefur í brjefi dags. 16. þ. m., eptir ósk yðar, herra sýslumaður, lagt undir úrslit amtsins ágreining þann, sem er um